

Skólaráðsfundur 13. febrúar 2026 kl.8:10 – 9:30.

Mættir: Dagbjört verkefnastjóri Heimilis og skóla, fulltrúar skólaráðs; Erna, Írena, Aðalheiður, Halla Tinna, Regína, Ingibjörg, Marey fulltrúi foreldrafélagsins.

Dagbjört kynnrir vinnu við farsældarsáttmála Heimilis og skóla.

Foreldrar í hverjum árgangi koma saman eina kvöldstund og útbúa slíkan sáttmála sem styður við vellíðan barna, öryggi og samstarf sín á milli.

Farsældarsáttmáli Heimilis og skóla gefur foreldrum tækifæri til þess að koma saman, ræða málin, forma samstarf sín á milli og styrkja foreldrastarfið.

Með farsældarsáttmálanum geta foreldrar notað samtakamátt sinn og samstöðu með því að setja niður þau atriði sem þeir telja mikilvæg fyrir velferð barna sinna. Stuðningur foreldra við hvort annað til að takast á við m.a. við menningu hópsins, útivistartíma og mynda jákvæð samskipti o.fl.

Rannsóknir sýna fram á forvarnargildi samstíga foreldrahóps, auk þess gegnir öflugur og samstíga foreldrahópur mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að styðja við og stuðla að góðri menningu innan nemendahópsins.

Guðlaug kynnrir stuttlega bekkjarsáttmálavinna í skólanum sem fer fram í upphafi skóla á hverju ári.

Dagbjört talaði um að gott væri ef hringt yrði í erlenda foreldra til að hvetja þá til þátttöku og þá passað upp á að þeir blandist í hópana.

Mjög mikilvægt er að foreldra allra barna í árganginum komi og taki þátt í gerð sáttmálans, þannig sköpum við sterka samstöðu utan um börnin okkar.

Rætt um að vera með tvo árganga saman í 1.-6. bekk og einn árgang saman í 7.-9. bekk og bjóða foreldrum 10. bekkjar í morgunspjall með stjórnendum og námsráðgjafa.

Umsjónarkennarar þurfa að þekkja til sáttmála vinnunnar og stjórnendur að kynna vel fyrir umsjónarkennurum. Umsjónarkennarar kynna fyrir nemendum og ræða við hópinn.

Ákveðið að vera með fundina klukkan 17:30-19:00 og kynna vel fyrir foreldrum eftir vetarleyfið.

Fulltrúar foreldra voru ánægðir með það að skóla- og frístundasvið skuli hafa ráðið Dagbjörtu til að efla foreldrastarfið í borginni. Ánægja með fund sem var nýlega fyrir fulltrúa foreldra í stjórn foreldrafélaga og skólaráða.

Umbótaáætlun skólans kynnt og rædd. Umbótaáætlun skólans og upplýsingar um mat á skólastarfi er að finna á heimasíðu skólans.

Guðlaug Erla tók fundargerð